

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 692/2001, um ársreikninga lánastofnana, með síðari breytingum.

1. gr.

Töluliður 8 í yfirliti yfir skuldir og eigið fé í 4. gr. verður eftirfarandi:

8. Eigið fé.
 - 8.1. Hlutfé/stofnfé.
 - 8.2. Varasjóðir.
 - 8.3. Endurmatsreikningur.
 - 8.4. Óráðstafað eigið fé.

2. gr.

Liðurinn „Reiknuð gjöld/tekjur vegna verðlagsbreytinga“ undir 2. töluliði í yfirliti yfir liði rekstrarreiknings í 5. gr. fellur niður.

3. gr.

2. mgr. 8. gr. fellur niður.

4. gr.

Í stað núverandi 3.-5. mgr. 31. gr. koma eftirfarandi málsgreinar:

Á eiginfjárliði 8.3, „Endurmatsreikningur“ skal færa endurmat á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.

Á eiginfjárliði 8.4, „Óráðstafað eigið fé“, skal færa þann hluta af hagnaði ársins eða hagnaði fyrri ára sem hefur ekki verið ráðstafað á aðra eiginfjárliði.

5. gr.

5. mgr. 43. gr. fellur niður.

6. gr.

Í stað núverandi 49. gr. komi eftirfarandi grein:

Eignir samkvæmt liðum 9, 10 og 11 skulu metnar á kostnaðarverði, enda sé það í samræmi við góða reikningsskilavenju. Ef raunvirði eigna samkvæmt 1. málslíð er verulega hærra en kostnaðarverð af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi og skal matsbreytingin færð undir eiginfjárliði 8.3, „Endurmatsreikningur“. Afskriftir skulu reiknast af kostnaðarverði. Séu þessir fjármunir endurmetnir samkvæmt 2. ml. reiknast afskriftir af endurmetnu verði þeirra. Við útreikning á kostnaðarverði samkvæmt 1. og 2. ml. skal taka tillit til framreiknings vegna áhrifa verðlagsbreytinga fram til ársins 2001.

7. gr.

Í stað núverandi 1. undirliðar 3. mgr. 53. gr. komi eftirfarandi:

Hlutabréf skal færa á markaðsverði eða upprunalegu kaupverði, endurmetnu fyrir áhrifum gengisþróunar sé um að ræða verðbréf í erlendri mynt, - eftir því hvort verðið er lægra á uppgjörstegi. Við útreikning á kaupverði samkvæmt 1. ml. skal taka tillit til framreiknings vegna áhrifa verðlagsbreytinga fram til ársins 2001.

8. gr.

6. undirliður 2. mgr. 65. gr. fellur niður.

9. gr.

Í stað núverandi eignaliðs 6.2 í viðauka III komi eftirfarandi eignaliður:

*Eignaliður 6.2. „Fjárfestingarlutabréf“.**

<i>Hreyfingar á árinu:</i>	Kr.
Bókfært verð 1.1.	
Keypt á árinu	
Selt á árinu	
Gjaldmiðilsbreytingar	
Bókfært verð 31.12.	

*) Enda komi þessar upplýsingar ekki fram í sjóðstremisyfirliti.

10. gr.

Töluliður 8.3 og undirliðir hans undir eiginfjárhreyfingum í viðauka III falla niður.

11. gr.

Töluliður 8.4 undir eiginfjárhreyfingum í viðauka III breytist í tl. 8.3 og fær heitið „Endurmatsreikningur“.

12. gr.

Töluliður 8.5 undir eiginfjárhreyfingum í viðauka III breytist í tl. 8.4.

13. gr.

Í stað núverandi 3. ml. 1. mgr. í viðauka IV komi eftirfarandi málsliður:

Við útreikning á áhrifum rekstrarliða á handbært fé skal leiðrétta fyrir áhrifum gengismunar og verðbreytinga en ekki fyrir vöxtum þar eð sú forsenda er gefin að vextir ársins séu greiddir.

14. gr.

Í stað núverandi upptalningar undir: Sjóðstremi, Rekstrarhreyfingar í viðauka IV komi eftirfarandi:

SJÓÐSTREYMI*Rekstrarhreyfingar:*

Hagnaður ársins

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:

Verðbætur og gengismunur

Framlag í afskriftareikning útlána

Tekjuskattur, breyting á skattskuldbindingu

Aðrir liðir

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum

Handbært fé frá rekstri

15. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða sbr. eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum í árslok 2001 skal leystur upp og færður með óráðstöfuðu eigin fé í reikningsskilum fyrir árið 2002.

16. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 3. mgr. 57. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. október 2002.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.